



Reykjavík 31. júlí 2001 Rb - 83 /bm

Varmamót ehf.
Guðmundur Guðbjörnsson
Framnesvegi 19, 230 Keflavík

Varðar: Umsögn um plastkubbamót

Undirritaður hefur skoðað plastkubbamót frá Varmamót ehf. Annarsvegar er um að ræða plastkubba þar sem tveim frauðplastbyrðum er haldið saman með tengi úr frauðplasti og hinsvegar tengi úr nælon.

Kubbar sem hafa verið skoðaðir virðast með mjög jafna áferð og stærð, mældur þéttleiki í einum kubb er 32,47 kg/m³ og efnisraki innan við 1,5% þyngdar. Framleiðslan er að þessu leyti fyllilega sambærileg við vörur (innfluttar og innlendar) sem hafa verið á markaði hérlendis. Kubbarnir með nælontengjunum gefa kost á því að upphengjur t.d. fyrir klæðningar séu skrúfaðar í tengin og er þar um mjög áhugaverðan möguleika að ræða.

Plastkubbar sem steypumót hafa verið á markaði hérlendis um árabíl, m.a. markaðssettir af Umbót s.f. sem er í eigu sömu aðila og Varmamót ehf. (sjá umsögn stofnunarinnar í bréfi Rb-162 dags. 28/7 1995). Aðferðin er því núorðið vel þekkt hérlendis og ekki ástæða til að fjalla sérstaklega um hana. Ástæða er þó til að benda á að sérhvert hús þarf að hanna sérstaklega og æskilegt að hönnun taki strax mið af umræddri mótatækni ef hún verður notuð.

Mikilvægt er að plastið í kubbunum sé með nægjanlegan þéttleika og styrk, og stærð kubba sé sem jöfnust. Í þessu samhengi er æskilegt að fyrirtækið setji upp gæðakerfi með framleiðslunni.

Varðandi brunatæknileg atriði er vísað til Brunamálastofnunar ríkisins.

f.h. Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins

Björn Marteinsson arkitekt og verkfræðingur